

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
vt. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 20. desember 2021  
Tilv.: 2112008

**Efni: Umsögn - frumvarp til laga um fjarskipti o.fl. (áfallapol fjarskiptapjónustu og fjarskiptaneta), 169. mál**

1. Samkeppniseftirlitinu barst til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd, frumvarp til laga um fjarskipti o.fl. (áfallapol fjarskiptapjónustu og fjarskiptaneta), 169. mál. Þá mættu fulltrúar Samkeppniseftirlitsins á fund nefndarinnar hinn 17. desember sl.
2. Hvað varðar efni frumvarpsins er umsögn Samkeppniseftirlitsins í meginatriðum jákvæð. Sér í lagi telur Samkeppniseftirlitið jákvætt að Fjarskiptastofa sem hefur eftirlit með fjarskiptafyrirtækjum hérlandis, svo sem á grundvelli laga um fjarskipta og samkvæmt fjölmiðlalögum, fái með frumvarpinu og breytingarlögum heimild til þess að leggja stjórnvaldssekt á fjarskiptafyrirtæki sem nemur hlutfalli af veltu, í hið minnsta vegna brota á ákvæðum um skyldu til að veita fullnægjandi og réttar upplýsingar.
3. Fjarskiptastofa hefur hingað til ekki haft lagaheimild til þess að leggja stjórnvaldssektir vegna lögbrota fjarskiptafyrirtækja í hlutfalli við efnahagslegan styrkleika þeirra, eftir því sem Samkeppniseftirlitið kemst næst, heldur einungis getað lagt sektir sem nema tiltekinni hámarksfjárhæð án tillits til fjárhagsstöðu, efnahagslegs styrkleika eða stærðar fyrirtækja. Sektorheimildir Fjarskiptastofu samkvæmt fjarskipta- og fjölmiðlalögum hafa hingað til takmarkast við allt að 10 milljón króna stjórnvaldssektir í garð brotlegra fyrirtækja eftir því sem eftirlitið kemst næst.
4. Sektorheimildir eftirlitsstjórnvalda sem hlutfall af veltu þess fyrirtækis er gerist brotlegt við viðkomandi lög og reglur, eru til þess fallnar að hafa almenn og sértæk varnaðaráhrif á viðkomandi markaði og auka þar með hlýtingu fyrirtækja vegna viðkomandi reglna sem löggjafinn hefur ákveðið. Með sambærilegum hætti eru sektorheimildir með tiltölulega lágu hámarkspaki, eins og í tilviki Fjarskiptastofu, ekki til þess fallnar að hafa slík áhrif.
5. Frumvarpið hefur því framangreindar jákvæðar breytingar í för með sér, í hið minnsta hvað varðar möguleg brot fyrirtækja á upplýsingaskyldu í lögum um fjarskipti. Að mati Samkeppniseftirlitsins er mikilvægt að tryggja jafnframt að aðrar sektorheimildir Fjarskiptastofu í væntanlegu frumvarpi að nýjum fjarskiptalögum („Kóðanum“) vegna annarra mögulegra brota eða vanrækslu fjarskiptafyrirtækja, hafi sambærilega heimild til stjórnvaldssekta er tekur mið af efnahagslegum styrkleika fyrirtækja.



6. Hvað varðar önnur ákvæði frumvarpsins gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir. Vegna umræðu á nefndarfundum um tímaferla og gæði lagasetningar skal þó tekið fram að engar yfirstandandi rannsóknir eða tímafrestir í starfsemi Samkeppniseftirlitsins ættu að hamlar eða takmarka verulega þann tíma sem löggjafinn hefur til meðferðar á umræddu frumvarpi, sbr. svar til nefndarinnar með tölvupósti 16. desember sl. og umræður á nefndarfundinum.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið